





## Borgartún 6 - USK23120132 (fsp)


Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. janúar 2024 þar sem tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að breyta klæðningu á húsi á lóð nr. 6 við Borgartún.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040.



Hluti gildandi deiliskipulags, 2004.



TillagaVerksýn ehf. 2023.

### Skipulagsleg staða

Aðalskipulag: Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 26. apríl 2012. Skv. aðalskipulaginu er Borgartún 6 í skilgreindu miðborgarsvæði, nánar til tekið M1b.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Borgartúnsreit 1.220.0, samþykkt í borgarráði 25. nóvember 2004, ásamt áorðnum breytingum.

### Fyrirspurn


Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á fyrirhugaðri áklæðningu á efri hluta vesturturndar hússins. Turninn er úr einangruðum timburveggjum, klæddur með viroc plötum á timburgrind. Ástæður fyrir endurnýjun klæðningar er slæmur frágangur á eldri klæðningu sem olli leka og myglu í krossviðarklæðningu og grind.

### Umsögn


Nöfn gatnanna Borgartúns og Höfðatúns eru dregin af bráðabirgðahverfinu Höfðaborg annarsvegar og stórhýsinu Höfða hinsvegar. Húsið við Borgartún 6 er betur þekkt undir heitinu Rúgbrauðsgerðin þar sem m.a. ríkið hefur móttökusali, upphaflega var bakað rúgbrauð í húsinu. Húsin við Borgartún eru mikilvæg í byggingarlistasögu Reykjavíkur og góður vitnisburður um vel hannað atvinnuhúsnæði þegar bærinn var að breytast í borg á sínum tíma. Húsið að Borgartúni 6 er í dökkulikum verndunarflokki í Húsverndarskrá Reykjavíkur, verndun húsa, götumynda og húsa með umhverfisgildi.

Húsið er hannað af Einari Sveinssyni arkitekt og byggt fyrir Rúgbrauðsgerðina hf. árið 1952. Húsið er steinsteypt og múrsléttað með mænispaki. Það er talið vera eitt best hannaða og vandaðasta verksmiðjuhús í Reykjavík og er hluti mikilvægrar götumyndar. Vegna vandaðra hlutfalla í uppbyggingu ytra forms og útlits og sérstakrar raðar hringlaga glugga á efstu hæðinni ber að vernda húsið í núverandi mynd.

Nokkra breytingar hafa verið gerðar á húsinu síðan 1978 og 1980, og árið 2006 var turni bætt á vesturenda hússins, teiknaður af ERUM arkitektum og er það turninn sem hér um ræðir.



Útlitsteikning teiknuð af VA arkitektum 2021. Rauður kassi utan um vesturturn byggingarinnar.



Teikningar af fyrirhugaðri áklæðningu vesturturms. Verksýn 2023.

Þegar breytingar á eldra húsi eru hannaðar og útfærðar þarf að tryggja gott samspil milli þess eldra og þess sem bætt er við og er mikilvægt að kanna hið sögulega einkenni aðalbyggingar.

Áklæðningin skal falla vel að byggingarstíl, efnisvali og hönnun aðalbyggingarinnar, svo ekki sé hægt að greina breytingarnar. Ef klæða á hús með hvítu áli er mikilvægt að samskeytin séu eins saumlaus og frekast er unnt þannig að ekki sé hægt að greina mun á turnunum tveimur.

## Niðurstaða

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við erindið. Vanda skal við hönnun/útfærslu allra breytinga sbr. umsögn að ofan.

## f.h. Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Olga Guðrún Sigfúsdóttir, arkitekt FAÍ og verkefnastjóri.